

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

8. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 14:00. Haldinn í fundarherbergi 2-3.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann og María Ósk Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Soffía Magnúsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Smári Hallgrímsson fulltrúi foreldra, Eva María Pétursdóttir varafulltrúi foreldra, Ragna Fanney Róbertsdóttir og Stefán Darri Jóhannsson fulltrúar nemenda og Katrín Þ. Andrésdóttir varamaður grenndarsamfélagsins.

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir

Hilmar bauð fundarmenn velkomna á þennan fund sem er opinn fundur skólaráðs en skv. reglugerð um skólaráð skal halda að minnsta kosti einn slíkan fund á ári. Einnig bauð hann varafulltrúa foreldra, Evu Maríu Pétursdóttur og Katrínu Þ Andrésdóttur varamann grenndarsamfélagsins hjartanlega velkomna á sína fyrstu fundi í ráðinu.

Áður en gengið var til dagskrár óskaði skólastjóri eftir að bæta einum lið á dagskrá, lið nr. 1 um skólaráð og hlutverk.

1. Skólaráð og hlutverk

Hilmar kynnti fulltrúa skólaráðs fyrir gestum og hlutverk ráðsins sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald.

2. Skólapúlsinn - Niðurstöður úr nemendakönnun 2024

Nemendakönnun var lögð fyrir 6. bekk í apríl mánuði. Farið yfir helstu niðurstöður sem voru marktækt yfir eða undir landsmeðaltali.

Styrkleikar eru eftirfarandi:

Oftast góður eða frekar góður matur 67,7% (landið 40,1%) og tíðni leiðsagnarmats 5,8 (landið 4,8).

Veikleikar eða þættir sem þarf að vinna með voru eftirfarandi: Ánægja af lestri 3,7 (landið 4,2), þrautsegja í námi 3,6 (landið 4,4), trú á eigin vinnubrögð í námi 3,7 (landið 4,4) og agi í tímum 4,2 (landið 4,8).

Umræða skapaðist um hvort spurningarnar um lesturinn hafi verið nógu skýrar, eða miðuðu þær of mikið bara að heimalestri og lestri námsbóka.

Eineltisþurningar, eru þær nógu skýrar, skilja öll börn orðið einelti. Er einföld skilgreining við spurningarnar sem tengjast einelti? Það skiptir líka miklu máli að kennarar séu duglegir að halda bekkjarfundi og vinna með skilgreiningar á einelti.

Fulltrúi nemenda ræddi aðeins sína upplifun í kennslustundum. Upp kom sú hugmynd að hafa fund með 6. bekk og ræða niðurstöðurnar.

3. Moodup - starfsmannakönnun

Farið yfir helstu niðurstöður.

4. Kaffihúsafundur um innra mat

Fundur um innra mat skólans verður haldinn 15. maí kl. 14:15-16:00. Þátttakendur verða allir starfsmenn skólans, fulltrúar foreldra og nemenda. Stutt kynning í upphafi á vinnunni og í framhaldinu skipt upp í hópa og unnið að umbótaáætlun fyrir þá þætti sem hafa ekki komið nógu vel út í könnunum vetrarins. Fulltrúar í skólaráði og fulltrúar í stjórn foreldrafélags Stekkjaskóla boðin þátttaka .

5. Önnur mál

- a. Tillögur frá 6. bekk. Nemendur í 6. bekk langar að hafa sjoppu til að kaupa nesti þegar þeir koma á unglingastig. Á föstudögum myndi vera heimabakað. Hægt væri að nota ágóðann í bekkjarsjóð fyrir 10. bekkjarferð. Þá langar að ráða hvort þeir verði inni eða úti í frímínútum á unglingastigi og mega þá nota farsímana sína og einnig í nestistímum. Þessu tengt sagði Hilmar frá því að verið er að leggja grunn að stofnun nemendafélags.

Að öllu óbreyttu verður þessi fundur skólaráðs sá síðasti á þessu skólaári og þakkar skólastjóri fulltrúum ráðsins fyrir gott samstarf í vetur.

Fundi slitið kl. 15:25

MÓÓ/HB